

- 89** 4. Reykjarfjarðarhreppur og Ögursókn útað Ogurnesi.
 25. sept. 5. Nauteyrarhreppur.
 6. Snæfjallahreppur.
 7. Grunnavíkurhreppur sunnan Skorarheiðar.
 8. Grunnavíkurhreppur, norðan Skorarheiðar að Almenningskarði.
 9. Sljettuhreppur norður að Hvestu og Kjaransvíkurskarði.
 10. Sljettuhreppur norðan Hvestu að Horni.

VIII. Strandasýsla.

1. Bæjarhreppur og Broddaneshreppur allt að Bitruhálsi.
2. Broddaneshreppur frá Bitruhálsi, Kirkjubólshreppur og Hrófbergshreppur.
3. Kaldrananeshreppur.
4. Árneshreppur.
5. Óshreppur og Fellshreppur.

Íslands Vesturamt, Reykjavík 25. sept. 1901.

J. Havsteen.

Skýrsla

um fund amtsráðsins í Suðuramtinu 24.—25. júní 1901.

Ár 1901, 24. dag júnímánaðar, var aðalfundur amtsráðsins í Suðuramtinu settur og haldinn í Reykjavík af forseta þess, amtmanni Júlíusi Havsteen, ásamt amtsráðsmönnum sýslumanni Guðlaugi Guðmundssyni í Kirkjubæjarklaustri (úr Vesturskaptafellssýslu), sjera Skúla Skúlasyni í Odda (úr Rangárvallasýslu), sjera Magnúsi Helgasyni á Torfastöðum (úr Arnessýslu), er mætti sem varaamtsráðsmaður, varaamtsráðsmanni Þorláki Guðmundssyni í Fífuhvammi (úr Gullbringu- og Kjósarsýslu) og prófasti sjera Guðmundi Helgasyni í Reykholti (úr Borgarfjarðarsýslu).

Forseti lagði fram tilkynningar sýslumannanna í Skaptafellssýslu, Arnessýslu og Borgarfjarðarsýslu um kosningar amtsráðsmannanna í nefndum sýslum, fyrir tímabilið frá 1. júní 1901 til 31. maí 1907, í stað þeirra, sem úr ráðinu skyldu ganga, að enduðum kjörtíma þeirra.

Kosnir höfðu verið:

1. Fyrir Vesturskaptafellssýslu.

Amtsráðsmaður, sýslumaður Guðlaugur Guðmundsson í Kirkjubæjarklaustri (endurkosinn).

Varaamtsráðsmaður: bóndi Jón Einarsson á Hemru (endurkosning).

2. Fyrir Arnessýslu.

Amtsráðsmaður, prófastur sjera Valdimar Briem á Stóra Núpi (endurkosinn).

Varaamtsráðsmaður: sjera Magnús Helgason á Torfastöðum (endurkosinn).

90

3. Fyrir Borgarfjarðarsýslu.

Amtsráðsmaður: prófastur sjera Guðmundur Helgason í Reykholti (endurkosinn).

Varaamtsráðsmaður, sjera Ólafur Ólafsson í Lundi.

Amtsráðið fann ekkert við kosningar þessar að athuga.

Þessi mál komu til umræðu á fundinum:

1. Forseti lagði fram reikning yfir tekjur og gjöld jafnaðarsjóðs Suduramtsins fyrir 1900, og var hann falinn amtsráðsmanninum úr Arnessýslu til endurskoðunar.
2. Reikningur yfir tekjur og gjöld búnaðarskólasjóðs Suduramtsins fyrir 1900 var falinn amtsráðsmanninum úr Gullbringu- og Kjósarsýslu til endurskoðunar.
3. Reikningur yfir tekjur og gjöld styrktarsjóðs-verðugra og þurfandi þjóðjarðarlandseta og ekkna þeirra í Suduramtinu fyrir 1900, var falinn amtsráðsmanninum úr Rangárvallasýslu til endurskoðunar.
4. Ennfremur lagði forseti fram reikning yfir tekjur og gjöld búnaðarskólans á Hvanneyri eða reikning yfir viðskipti amtsins við búnaðarskólafundunina 1900—1901, reikning skólastjóra yfir tekjur og gjöld skólabúsins eða efna-hagsreikning búsins 1900—1901, með tilheyrandi jafnaðarreikningi skólabúsins, 31. maí 1901, sjóðsreikningi skólabúsins 1900—1901, og skrá yfir eigur þess 31. maí 1901.

Ennfremur var framlögð skýrsla um smjörsölu búsins 1900—1901, viðskiptareikningar við kaupmenn, og reikningur yfir tekjur og gjöld Hvanneyrarkirkjunnar 1900—1901.

Allir þessir reikningar voru afhentir amtsráðsmönnum úr Vesturskaptafellssýslu og Borgarfjarðarsýslu til endurskoðunar.

5. Forseti skýrði frá því, hvernig hlutadeigandi sýslumenn hefðu fullnægt úrskurðum, sem amtsráðið hafði lagt á eldri sýslusjóðs- og sýsluvegasjóðsreikninga.
6. Framlagðir voru sýslusjóðs og sýsluvegasjóðsreikningarnir úr öllum sýslum amtsins fyrir 1900, sem höfðu verið endurskoðaðir af endurskoðendum sýslunefndanna, og yfirlitarnir af forseta ráðsins, sem úrskurðaði þá.
7. Þá voru framlögð og yfirlitarnir endurrit af gjörðabókum sýslunefndanna.
 - A. Úr Vesturskaptafellssýslu frá 14.—15. marz þ. á.
 - B. Ur Vestmannaeyjasýslu frá 1. ágúst f. á., 22. jan. og 3. apríl þ. á.
 - C. Úr Rangárvallasýslu frá 1. apríl og 15. júní þ. á.
 - D. Úr Arnessýslu frá 16.—20. apríl 1900.
 - E. Úr Gullbringu- og Kjósarsýslu frá 22.—24. apríl þ. á.
 - F. Ur Borgarfjarðarsýslu frá 6.—8. maí þ. á.
8. Forseti skýrði frá því, að hann hefði samkvæmt tillögum beggja amtsráðanna (í Suduramtinu og Vesturamtinu), skrifað sýslumönnum í Strandasýslu, Bardastrandasýslu (að því leyti, er snertir austursýsluna), Dalasýslu, Snæfellsness- og Hnappadalssýslu, Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, Gullbringu-

og Kjósarsýslu, (og bæjarfógetanum í Reykjavík), og Árnessýslu 23. júlí f. á., og lagt þeim fyrir, að láta almennar skoðanir fram fara á fje að haustinu til, þegar það væri komið af fjalli, og viðhafa lækningar á sjúku fje og aðskilnað á sjúku og heilbrigðu fje eftir þörfum, en í þeim hreppum, þar sem kláði fyndist, skyldi baða allt fje eða viðhafa tóbakssósuíburð.

Skýrslur lögreglustjóra um árangurinn af þessum fyrirskipunum voru framlagðar, og yfirfarnar. Samkvæmt þeim hafa við skoðanirnar komið fyrir alls 153 kindur, en af þeim var óvíst um 5, hvort þær væru með kláða. — Af þessum 153 kindum voru í Strandasýslu 48, í 4 hreppum, í Austurbarðastrandasýslu 24, í 3 hreppum, í Dalasýslu 8, í 1 hreppi, í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu 6, í 4 hreppum (óvíst um eina), í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu 63, í 9 hreppum, í Árnessýslu 4, í 1 hreppi (ekki vissar) og engin í Gullbringu- og Kjósarsýslu (með Reykjavík).

Þótt kláði þannig hefði sýnt sig með minnsta móti, hafði amtmaður samt í brjefum, dags. 19., 20. og 28. febrúar þ. á., lagt fyrirfundum lögreglustjórum fyrir, að láta almennar skoðanir framfara á sauðfje fyrstu dagana í apríl, þannig, að þeim væri lokið fyrir 15. apríl og viðhafa lækningar á sjúku og heilbrigðu fje eftir þörfum, en það fje, sem hinar fyrirfundnu kláðasjúku kindur hefðu gengið saman við, sjer í lagi fje á þeim heimilum þar sem kláði fyndist, skyldi tvíbaða með 10 daga millibili, eða viðhafa tóbakssósuíburð. Á þeim heimilum, þar sem kláðinn væri magnaður, skyldi sótthreinsa fjárhús, sem kláðafje hefði verið haft í, eftir nánari ráðstöfun lögreglustjóra.

Skýrslur um skoðanir þessar og þær ráðstafanir, sem gjörðar hefðu verið, skyldu vera komnar til amtsins fyrir 10. júní í síðasta lagi.

Skýrslur voru komnar: 1. frá sýslumanninum í Strandasýslu, dags. 25. f. m., sem sýnir, að 98 kindur hafi fundizt með kláða, (þaraf í Fells-hreppi 40, og í Óspakseyrarhreppi 34). 2. frá sýslumanninum í Árnessýslu dags. 8. júní þ. á. og var þar kláðalaust. 3. úr Austurbarðastrandasýslu dags. 2. þ. m., og höfðu þar fundizt 28 kindur með kláða; skýrsla var ókomin úr Flateyjarhreppi, en mundi koma bráðlega. 4. frá sýslumanninum í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, dags. 17. þ. m., eftir því brjefi voru skýrslur ókomnar úr 2 hreppum, sem sje úr Reykholtisdalshreppi og Andakilshreppi, en kláði hafði fundizt í 5 hreppum, sem sje 22 kindur alls. Í hinum 10 hreppunum hafði eigi fundizt kláði. Þetta brjef var lesið upp og tekið til ihugunar. 5. frá sýslumanninum í Gullbringu- og Kjósarsýslu, dags. 21. þ. m., eftir skýrslu hans hafði einn gemlingur fundizt með kláðavotti í Mosfellshreppi og í Kjósarhreppi 5 gemlingar.

Forseti lagði fram brjef frá sýslumanninum í Ísafjarðarsýslu, dags. 8. þ. m., þar sem hann skýrir svo frá, að við uppboð í Vatnsfirði hafi komið fyrir nokkrar kindur með grunsamleg hrúður. Sýslumaðurinn hafði fyrirskipað almennar skoðanir og böðun í Reykjarfjarðarhreppi og Nauteyrrarhreppi, að svo miklu leyti, sem fje þaðan hefði gengið saman við fje úr

Reykjarfjarðarhreppi. Sýslumaður álitur það nauðsynlegt, að almenn fjárskoðun verði fyrirskipuð í Norðurlisafjarðarsýslu á komanda hausti. 90

Forseti bar þvínæst undir amtsráðið, hverjar ráðstafanir mundu til-tækilegastar gagnvart fjárkláðanum að haustinu til og framvegis og skýrði frá tillögum amtsráðsins í Vesturamtinu hjer að lútandi. Amtsráðið ályktaði að leggja það til, að almennar skoðanir skyldu framfara á fje að haustinu til, þegar það væri komið af fjalli, og við hafa lækningar á sjúku fje og aðskilnað á sjúku og heilbrigðu fje eptir þörfum. Ennfremur áleit amtsráðið að skoðanir skyldu framfara síðara hluta vetrar, áður en fje er sleppt úr húsi, og þá viðhafa lækningar á sjúku fje og aðskilnað á sjúku fje og heilbrigðu.

Forseti minntist á frumvarp það til laga, sem stjórnin hafði lagt fyrir alþingi 1899, um viðauka við og breyting á tilsk. 5. jan. 1866, um fjárkláða og önnur næm fjárveikindi á Íslandi, og tilsk. 4. marz 1871, um viðauka við tilskipun þessa, og hafði stjórnin í þessu frumvarpi sínu farið eftir tillögum amtsráðsins í Suður- og Vesturömtunum, sbr. skýrslu, um fundi þeirri 1898, 8.—10. júní og 30. júní—2. júlí (Stjórnartíðindi 1898- B. bls. 163—164 og 141—142). Frumvarpið hafði verið samþykkt í efri deild en fellt í neðri deild með jöfnum atkvæðum og það af lítilvægri ástæðu. Forseti bar und-amtsráðið, hvort það væri enn sömu skoðunar um þetta mál og áður, og gat þess um leið, að amtsráðin fyrir norðan og austan óskuðu eptir allvið-tækri breytingu á hinni núgildandi löggjöf um kláða. Þessu máli sínu til skýringar lagði forseti fram prentað eintak af brjefi sínu til landshöfðingja, dags. 25. jan. þ. á., og af brjefi amtsdýralæknisins, dags. 10. s. m., sem bæði höfðu verið send amtsráðsmönnum. Ennfremur lagði forseti fram brjef dýralæknisins, dags. 9. apríl þ. á., um sótthreinsun fjárhúsa.

Amtsráðið taldi varhugavert, að svo stöddu, að gjöra viðtækar og kostnaðarsamar breytingar á þeim lögum, sem nú gilda um ráðstafanir gegn fjárkláða.

9. Forseti lagði fram skýrslu amtsdýralæknisins, dags. 7. nóv. f. á., um bólu setningar þær, sem hann hefði framkvæmt á síðastliðnu hausti; hefði eigi getað orðið svo mikið úr þeim sem áður vegna þess, að dýralæknirinn varð að vera mestallan októbermánuð vestur í Barðastrandarsýslu eptir fyrirlagi amtsins.
10. Samkvæmt 5. gr. laga fyrir búnaðarfjelag Íslands fór kosning fram til búnaðarþings fjelagsins. Til þessa höfðu amtsráðsmaður Guðlaugur sýslumaður Guðmundsson á Kirkjubæjarklaustri og varaamtsráðsmaður Þorlákur Guðmundsson í Fífuhvammi verið fulltrúar Suduramtsins í búnaðarfjelinu. Var nú dregið hlutkesti um, hvor þeirra skyldi ganga úr, og varð fyrir hlutkesti Þorlákur Guðmundsson. Í hans stað var kosinn í búnaðarþingi sýslumaður Sigurður Ólafsson í Kaldaðarnesi fyrir næstu 4 ár.

- 90 11. Þá var framlagt frumvarp sýslunefndarinnar í Vesturskaptafellssýslu, til breytingar á Réglugjörð fyrir nefnda sýslu, um eyðing refa með eitri, 24. júní 1897. 5. og 6. gr.

Amtsráðið staðfesti þessa breytingu, til þess að öðlast gildi 1. sept. þ. á.

12. Forseti lagði fram frumv. frá sýslunefndinni í Vestmannaeyjasýslu, til Reglugjörðar um breytingar á 2. gr. Reglugjörðar um fjársöfn m. m. fyrir Vestmannaeyjasýslu, 8. sept. 1891.

Amtsráðið staðfesti þessa breytingu, til þess að öðlast gildi 1. sept. þ. á.

13. Forseti lagði fram frumvarp til Reglugjörðar um breytingu á Reglugjörð 3. júlí 1895, fyrir hreppana í Árnessýslu vestan Hvítár og Ölfusár, um notkun afrjettar o. fl.

Amtsráðið staðfesti þessar breytingar til þess að öðlast gildi 1. sept. þ. á.

14. Forseti lagði fram hinar fyrirskipuðu skýrslur um ástand styrktarsjóðanna handa alþýðufólki fyrir árið 1900, úr öllum sýslum amtsins; skýrslur þessar voru yfirfarnar með hliðsjón af endurritunum af gjörðabókum sýslunefndanna, viðvíkjandi síðustu aðalfundum þeirra. Amtsráðið yfirför þessar skýrslur, og fannst ekkert við þær að athuga.

Forseti lagði fram sýnishorn af eyðublöðum þeim, sem prentuð höfðu verið eptir fyrirlagi amtsráðsins undir skýrslur hreppsnefnda um gjaldþegna sjóðanna, og undir hina árlegu reikninga sýslumanna um tekjur og gjöld sjóðanna.

Ennfremur minntist forseti á, að landshöfðingi hefði 16. nóv. f. á. gefið út Reglur um úthlutun styrks úr styrktarsjóðunum handa alþýðufólki, sem væru birtar í Stjórnartíðindunum B bls. 212—213, og hefðu sýslumönnum verið send nokkur eintök af þessum reglum til útbýtingar meðal hreppsnefnda.

15. Samkvæmt framlögðu brjefi, 23. apríl þ. á., beiðist sýslumaðurinn í Árnessýslu samþykkis amtsráðsins til þess, að sýslunefndin mætti jafna niður sem sýslusjóðsgjaldi fyrir yfirstandandi ár, 5300 kr., sem fer fram úr því, sem nefndin má jafna niður án samþykkis amtsráðsins, og sem er 4865 kr. 91 e. Amtsráðið samþykkti þessa niðurföfnun.
16. Sömuleiðis leitar sýslumaðurinn í Gullbringu- og Kjósarsýslu í brjefi dags. 21. maí þ. á., sem var framlagt, samþykkis amtsráðsins til þess, að sýslunefndin þar mætti jafna niður sem sýslusjóðsgjaldi fyrir yfirstandandi ár, 3200 kr., sem fer fram úr því, sem nefndin má jafna niður án samþykkis amtsráðsins, og sem er 2510 kr. 39 a. Amtsráðið veitti hið eptiræskta samþykki.
17. Ennfremur hefir sýslumaðurinn í Skaptafellssýslu, í brjefi, dags. 15. þ. m., leitað samþykkis amtsráðsins til þess, að jafna niður sýslusjóðsgjaldi á Vesturskaptafellssýslu, fyrir yfirstandandi ár, 1650 kr., sem fer fram úr því, sem jafna má niður án samþykkis amtsráðsins og sem er 1443 kr. 7 a. Amtsráðið samþykkti niðurföfnunina.
18. Forseti lagði fram brjef sýslumannsins í Árnessýslu, 2. maí þ. á., þar sem

hann skýrir frá þeim tillögum sýslunefndarinnar, að 16. yfirsetukvennaum-dæmi sýslunnar, Stokkseyrarsókn hinni fornu, verði skipt í 2 umdæmi þannig, að hinn núverandi Stokkseyrarhreppur verði umdæmi fyrir sig og Eyrarbakkahreppur umdæmi sjer. **90**

Amtsráðið fjellst á tillögu þessa, og ákvað, að Stokkseyrarhreppur yrði 16. yfirsetukvennaumdæmi sýslunnar og Eyrarbakkahreppur hið 17. Eptir þessu yrði hið núveranda 17. umdæmi, Kaldaðarnessókn, hið 18. í röðinni.

19. Samkvæmt tillögum sýslunefndanna í Arnessýslu, Rangárvallasýslu og Vesturskaptafellssýslu veitti amtsráðið sæluhúsverði Guðna Þorbergssyni á Kolviðarhóli 100 kr. úr jafnaðarsjóði.
20. Forseti lagði fram brjef sýslumannsins í Arnessýslu, 26. apríl þ. á., þar sem hann skýrir frá því, að sýslunefndin þar hafi á aðalfundi sínum 16.—20. s. m. ályktað, að endurgreiða síra Stefáni Stephensen, fyrrum presti að Mosfelli, kostnað að upphæð 10 kr., útaf fyrirhöfn hans við að útvega hentugt læknissetur í uppsýslunni, sem sýslunefndin hafði falið honum, og var þar með þetta mál, sem síra Stefán Stephensen áður hafði kært fyrir amtsráðinu, sbr. Stjórnartíðindi 1890, B bls. 130—131, á enda kljád.
21. Sýslumaðurinn í Arnessýslu hafði með brjefi, 25. apríl þ. á., sem var framlagt, sent lýsing á veginum yfir Grindaskörð, og áætlun um kostnað við endurbætur á honum, sbr. skýrslu um fund amtsráðsins 25.—27. júní 1900 (Stjórnartíðindi 1900, B, bls. 129), og ályktaði amtsráðið, að beina hinni framkomnu beiðni um, að gert yrði við veginn, til landshöfðingja með meðmælum sínum.
22. Amtsráðið samþykkti, að sýslunefndin í Gullbringu- og Kjósarsýslu mætti útvega Halldóri Jónssyni á Álafossi allt að því 6000 kr. lán uppá sýslusjóðinn til þess að koma upp vefnaðarvjelum á Álafossi, — en í því skyni ætla hann að kaupa vefstóla, þófaravjel, lóskurðarvjel og klæðapressu að Birni hreppstjóra Þorlákssyni að Varmá — annaðhvort á þann hátt, að sýslunefndin tæki að sjer sjálfskuldarábyrgð fyrir lánsupphæðinni, eða þannig, að sýslan sjálf tæki lánið og lánaði Halldóri Jónssyni fjed aptur með sömu kjörum og hún hefði fengið það. Lánið skyldi veitt gegn 1. veðrjetti í vjelum þeim, sem keyptar yrðu að Birni Þorlákssyni og í íbúðarhúsi, sem Halldór Jónssyn byggir á Álafossi, og ennfremur í húsi því, er nú stendur á Álafossi ásamt tövinnuvjelum, sem í því eru, og tilheyrandi lóð, næst á eptir þeim veðskuldum, sem á eign þessari hvíla.

Ennfremur hefir sýslunefndin leyft Halldóri Jónssyni, að taka að sjer þær 1000 kr., sem Björn Þorláksson skuldar sýslunni af nefndu vjelaláni sínu, þannig, að sýslan haldi veði sínu í vjelunum, en að veðrjettur hennar í jörðinni Varmá falli burtu.

Amtsráðið samþykkti, að jörðin gengi úr veðinu.

23. Amtsráðið samþykkti, að sýslunefndin í Gullbringu- og Kjósarsýslu hafði ályktað, að taka að sjer sjálfskuldarábyrgð fyrir láni uppá 1000 kr. handa

90

Bessastaðahreppi, en láni þessu skyldi verið til þess, að borga ýmsar skuldir hreppsins.

24. Amtsráðið samþykkti sömuleiðis, að sýslunefndin í Gullbringu- og Kjósarsýslu hafði ályktað, að taka að sjer sjálfskuldarábyrgð fyrir láni allt að 2000 kr. handa Garðahreppi til lúkningar gamalli skuld.
25. Forseti lagði fram brjef sýslumannsins í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, dags. 8. þ. m., þar sem hann fyrir hönd sýslunefndarinnar biður um samþykki amtsráðsins til þess, að taka 1000 kr. lán upp á sýslusjóðinn til þess að borga skuldir Skilmannahrepps (c. 350 kr.), ef af því verður, að hreppnum verði skipt upp milli næstu hreppa, eða hann sameinaður við Innri Akraneshrepp, eða til að lána hreppnum til skuldalúkningar, ef ekki verður af skiptingunni, og í annan stað til þess, að hlaupa undir bagga með sýsluvegasjóði með lán, svo að hann geti borgað bráðabirgðalan, sem hann hefir orðið að taka, að því leyti, sem það ekki endurborgast af andvirði seldra áhalda sjóðsins.

Amtsráðið samþykkti lántöku þessa.

26. Forseti lagði fram brjef sýslumannsins í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, dags. 8. þ. m., og þar með fylgjandi beiðni frá bóndanum Jóni Eyjólfssyni á Hömrum í Reykholtssdal, þar sem hann beiðist fulltingis sýslunefndar sinnar til, að honum verði fyrir lok septembermánaðar næstkomandi útvegað bráðapestarbóluefni, í að minnsta kosti 8000 fjár. Sýslunefndin hafði ályktað að senda amtsráðinu þessa beiðni með meðmælum sínum, og vill nefndin ábyrgjast borgun fyrir bóluefnið, ef til kemur.

Samskonar beiðni var einnig framkomin úr Arnesssýslu.

Amtsráðið ályktaði að skora á dýralækni, að útvega hið umbeðna bóluefni.

27. Forseti lagði fram bónarbrjef, dags. 8. þ. m., frá forstöðunefnd kvennaskólans í Reykjavík um styrk úr jafnaðarsjóði amtsins, og ennfremur reikning yfir tekjur og gjöld skólans frá 1. sept. 1899 til 31. ágúst 1900, og skýrslur um skólahaldið og vorpróf.

Amtsráðið veitti skólanum 100 kr. úr jafnaðarsjóði.

28. Framlagðir voru aptur reikningar yfir tekjur og gjöld jafnaðarsjóðs, búnaðarskólasjóðs og styrktarsjóðs verðugra og þurfandi þjóðjardalandseta og ekkna þeirra í Suduramtinu, og hafði ekkert fundizt við þá athuga.
29. Framlagðir voru aptur reikningar yfir tekjur og gjöld búnaðarskólans á Hvanneyri eða reikningur yfir viðskipti amtsins við búnaðarskólafundunina 1900—1901, reikningur skólastjóra yfir tekjur og gjöld skólabúsins 1900—1901, eða efnahagsreikningur búsins, með tilheyrandi jafnaðarreikningi skólabúsins 31. maí 1901, sjóðsreikningi skólabúsins 1900—1901, skrá yfir eignir þess 31. maí 1901, og skýrslu um smjörsölu búsins 1900—1901. Enn fremur var framlagður reikningur yfir tekjur og gjöld Hvanneyrarkirkju 1900—1901.

Þeir amtsráðsmenn, sem kvaddir höfðu verið til þess, að endurskoða

þessa reikninga, höfðu gjört nokkrar athugasemdir við efnahagsreikning skólabúsins, og fól amtsráðið forseta, að úrskurða þessar athugasemdir, þegar svar skólastjóra væri fengið. **90**

Viðskiptareikningur amtsins við skólastofnunina var samþykktur án athugasemda.

Ennfremur var framlögð skýrsla skólastjóra um kennslu á skólanum 1900—1901, og framkvæmdir í jarðabótastörfum o. fl. á skólasetrinu.

A skólanum höfðu verið 8 námssveinar að sumrinu (5 í eldri deild en 3 í yngri deild), en 7 að vetrinum (4 í eldri deild en 3 í yngri deild); 4 höfðu útskrifast. Framkvæmdir skólans í jarðabótarstörfum og húsabótum voru þessar:

- Sljettadir í túni 2014 ☐ faðmar.
- Grafinn vörzluskurður með garði; lengd 74 faðmar, breidd að ofan 7 fet og meðaldýpt 2 fet.
- Gjörð brú gegnum túnið; lengd 70 faðmar, breidd 7 fet.
- Hesthús byggt yfir 20 hesta; framgafi þess af timbri, en veggir að öðru leyti og þak af torfi.
- Fjós byggt yfir 16 nautaripi auk sjerstaks rúms fyrir 8 ungfálfa; lengd 15 álnir; breidd 15 álnir. Veggir allir af steini og gólf af múrlímssteypu.

Auk þessa hefir verið aflað grjóts til að stækka fjós þetta til helminga næsta ár, og gengu til þess um 50 dagsverk. Sá hlutinn, sem fullgerður er af þessari byggingu, er fjós það, sem ákveðið var í fyrra að byggja í sameiningu við haugshús, en nú er afráðið upp á væntanlegt samþykki amtsráðsins, að hverfa frá þessari haugshúsbyggingu að sinni, en stækka svo fjós þetta, að það rúmi 40 nautgripi.

Amtsráðið samþykkti þetta.

Forseti skýrði frá því og lagði fram brjef stjórnarnefndar skólans 25. júlí f. á. og brjef amtsins, 3. ágúst f. á., hjer að lútandi, að það hefði orðið að samkomulagi milli Búnaðarfjelags Íslands og sín upp á væntanlegt samþykki amtsráðsins, nokkru eptir amtsráðsfund í fyrra sumar, að setja á stofn mjólkurmeðferðarkennslu á Hvanneyri í minni stýl, til þess að nokkur not gætu orðið að tilsögn mjólkurmeðferðarkennarans, sem fjelagið hefir fengið til landsins frá Danmörku, og gjöra nokkrar breytingar á húsakynnum til þess, og útvega hin nauðsynlegustu verkfæri, sem vantaði til þess, að kennslan gæti farið fram. Var svo um samið, að amtsráðið legði til svo sem 250 kr., til þess að setja ofna í 2 berbergi, og gjöra nokkrar breytingar við annað þeirra, til að gjöra þau hæf til íbúðar, en búnaðarfjelaði skyldi leggja til á móti kostnað þann, sem leiddi af því, að gjöra nauðsynlega breytingu á kjallaranum í húsinu á Hvanneyri, svo hann yrði notaður í bráðina til kennslunnar, setja í hann eldavjel og leggja til þau áhöld, sem eigi væru til á Hvanneyri; var ætlaðt á, að kostnaður fjelagsins yrði 6000

kr. Ennfremur var svo ákveðið, að nemendur mættu vera 4 í senn, og kennsluskeiðið 3 mánuðir, en námsstúlkur skyldu greiða 25 kr. á mánuði fyrir fæði, húsnæði, ljós og hita. Forseti gat þess, að hann ekki hefði fengið nokkra skýrslu um, hve margar stúlkur hefðu notið kennslu á síðastliðnum vetri.

Amtsráðið áleit, að þetta fyrirkomulag virtist að öllu leyti samsvara þeirri kennslu, sem höfð er fyrir augum í 10. gr. C. 5. fjárlaganna. — Þar sem aðeins er gjört ráð fyrir tilbúningi osta og smjörs með þeim áhöldum, sem hægt er að koma við á hinum stærri sveitabúum, og samþykkti ráðstafanir þær, sem gjörðar höfðu verið.

Forseti skýrði frá því, að hann hefði ásamt stjórnarnefnd skólans haldið málfund við stjórnarnefnd Búnaðarfjelags Íslands, í maí síðastliðnum, um að koma upp á Hvanneyri mjólkurmedferð og kennslu í henni í stærri stýl, eptir því lagi, sem Búnaðarfjelagsstjórnin hefði haft fyrir augum í fyrra. — Tveir úr stjórninni vildu, að þessi kennsla yrði stofnuð á Hvanneyri, en einn úr stjórninni gat eigi að svo stöddu afráðið, hvað rjett væri að gjöra í þessu efni. Forseti og stjórnarnefnd skólans lýstu þá yfir, að skólinn mundi taka að sjer, að setja allt það, sem hjer að lýtur í verk, ef Búnaðarfjlagið vildi útvega nauðsynlegt fje til kostnaðarins, áætlað um 6000 kr.

Amtsráðið fjellst á þetta.

Þá var lagt fram brjef stjórnarnefndarinnar, dags. 6. júní þ. á., innihaldandi tillögur hennar um fjárveitingar til búnaðarskólans.

Nefndin leggur það til, að laun aðstoðarkennarans Guðmundar Jónssonar verði hækkuð úr 200 kr. upp í 300 kr. árlega, og laun skólastjóra Hjartar Snorrasonar úr 1000 kr. upp í 1200 kr. árlega.

Amtsráðið fjellst á þessar tillögur.

Til smíðakennslu og bókakaupa stingur nefndin upp á sömu upphæðum og áður. Til hjúalauna, verkalauna, daglaunamanna, matvæla- og kaupstadarvarnings, þar á meðal til að kaupa 25—30 tonn af fódurbæti, stingur nefndin upp á 1700 kr.

Ennfremur skýrir nefndin frá þeirri ósk skólastjóra, að komið verði upp í sumar eða að hausti eldiviðarhúsi; nefndin álitur þess þörf og gjörir ráð fyrir, að hús 16×10 álna muni kosta um 1000 kr.

Amtsráðið sá sjer að þessu sinni eigi hægt, að ráðast í þessa byggingu, þótt það viðurkenndi nauðsynina á því, að slíkt hús væri til.

Amtsráðið samdi með hliðsjón af því, sem sagt er að framan

Aætlu n

um tekjur og gjöld Hvanneyrarskólans fyrir 1901—1902.

Tekjur:

1. Landssjóðsstyrkur á árinu 1902 2500 kr.
2. Gjöld úr jafnaðarsjóði á árinu 1901, eftir 1. gr. laga
Flyt 2500 kr.

Flutt 2500 kr.

90

4. júní 1898, um breyting á gjaldheimtum til amts- sjóða og sýslusjóða	840 —	
3. Leigutekjur búnaðarskólasjóðsins á árinu 1901	400 —	
4. Tillag úr jafnaðarsjóði (af jafnaðarsjóðsgjaldinu fyrir 1901)	4500 —	8240 kr.

Gjöld:

1. Afborganir upp í lán og vaxtagreiðslur:		
a. til landssjóðs	kr. 1504,00	
b. til landsbankans	— 1215,00	
c. til kirkjusjóðs	— 136,00	2855,00
2. Skuldir frá fyrra ári:		
a. við verðlanir	kr. 207,84	
b. við skólastjóra	— 327,76	
c. við aðra	— 52,86	588,46
3. Laun skólastjóra		1200,00
4. Laun aðstoðarkennara		300,00
5. Til smíðakennslu		100,00
6. Til hjúalauna, verkalauna, dauglaunamanna, kaup- staðarvarnings, fóðurbætis o. fl.		1700,00
4. Til bókakaupa handa lærisveinum		60,00
8. Málning hússins		200,00
9. Kaup á 2 hestum og aktýggjum		260,00
10. Önnur útgjöld		500,00
11. Eptirstöðvar		476,54
		8240 kr.

Þá var samið yfirlit yfir efnahag búnaðarskólastofnunarinnar í fardög-
um 1901.

Eignir:

1. Hvanneyri, að kirkjunni sjálfri fráskilinni	kr. 17000 00	
2. Kirkjan á Hvanneyri	— 3800 00	
3. Hús	— 25620 00	
4. Lifandi peningur	— 7023 00	
5. Jarðyrkjuverkfæri, heyskaparáhöld, reið- skapur o. fl.	— 1593 00	
6. Bækur og kennsluáhöld	— 256 80	
7. Smíðatól og fl.	— 201 00	
8. Skip og laxveiðaáhöld	— 289 00	
9. Heyfyrningar og búisleifar	— 4073 00	
10. Annað lausafje	— 2788 70	
11. Útistandandi skuldir	— 387 57	
12. Innieign í Landsbankanum	— 962 15	kr. 63994 22

Skuldir:

1. Oborguð lán:
 - a. Úr landssjóði.
 1. Eptirst. af láni frá ¹⁰/₁'85 kr. 719,41
 2. — — — — ⁸/₆'86 — 1902,48
 3. — — — — ³/₉'92 — 8157,07
 4. — — — — ³⁰/₇'94 — 2602,02
 5. Lán án afborgun. ²⁴/₁₁'88 — 11800,00 kr. 25180 98
 - b. Úr Landsbankanum.
 1. Eptirst. af láni frá ²⁵/₇'95 kr. 2250,00
 2. — — — — ¹⁹/₇'98 — 4000,00 kr. 6250 00
 - c. Úr kirkjusjóði frá ¹⁵/₁'94 — 900 00
 - d. Úr búnaðarskólasjóði Suðuramtsins . . . — 1000 00
 2. Aðrar skuldir — 588 46
 3. Mismunur — 30074 78 kr. 63994 22
30. Þá var rædd og samþykkt áætlun um tekjur og gjöld jafnaðarsjóðsins á árinu 1902:

Tekjur:

1. Væntanlegar eptirstöðvar við árslok 1901 . . . kr. 1500 00
 2. Jafnaðarsjóðsgjald, þar með talið gjald samkv.
 1. gr. laga 4. júní 1898, um breytingar á gjöldum til amtssjóða og sýslusjóða — 6600 00 kr. 8100 00
- Gjöld:
1. Kostnaður við amtsráðið kr. 600 00
 2. Ferðakostnaður — 100 00
 3. 8. afborgun uppí og vaxtagreiðsla af láni til Ölfusárbrúarinnar — 482 63
 4. Kostnaður samkvæmt lögum 2. okt. 1891, um skipun dýralækna á Islandi — 200 00
 5. Menntamál (kvennaskólinn í Reykjavík) . . . — 100 00
 6. Gjald til búnaðarskólans á Hvanneyri á skólaárinu 1902—1903, samkvæmt 1. gr. laga 4. júní 1898, um breyting á gjöldum til amtssjóða og sýslusjóða — 840 00
 7. Tillag til búnaðarskólans á Hvanneyri fyrir skólaárið 1902—1903 — 4500 00
 8. Ýmisleg gjöld — 400 00
 9. Eptirstöðvar — 877 37 kr. 8100 00
31. Amtsráðið ályktaði að veita 20 kr. úr jafnaðarsjóði fyrir skriptir á amtsráðsfundinum.

Fleiri mál komu eigi til umræðu, og var svo fundi slitið.

Suðuramtið. Reykjavík, 28. júní 1901.

J. Havsteen.